

Húftrygging vinnuvéla

Skilmáli nr. B-4

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.

2. gr. Hverjir eru váttryggðir

Váttryggðir er eigandi þeirrar vinnuvélar sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

3. gr. Hið váttryggða

3.1 Váttryggðar eru allar vélar og öll þau tæki, sem greind eru í sundurliðun skírteinis.

3.2 Eftirfarandi váttryggist eingöngu samkvæmt sérstökum samningi við félagið:

- tæki til neðanjarðargangnagerðar og námuvinnslu.

- vélar og tæki á strandvinnupöllum eða prömmum og flatbytum.

3.3 Kostnaður við að bjarga niðurgrofnum eða sokknum vélum er undanþeginn nema um slíkt sé samið sérstaklega við félagið og áritun um greiðslu slíks björgunarkostnaðar sé á váttryggingarskírteini.

4. gr. Tjónsorsakir sem váttryggingin nær til

4.1 Félagið bætir skemmdir á vinnuvélinni sjálfri og eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótgrindum og venjulegum útvörðum, af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu eða hrapi vinnuvélarinnar, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli.

4.2 Félagið bætir skemmdir sem verða á tækinu sé því stolið eða tilraun gerð til að stela því. Ennfremur bætir félagið skemmdir af völdum skemmdarverka en þó eru undanskildar skemmdir er verða við tilvik sem lýst er í gr. 5.8. Félagið krefst lögregluskýrslu sem sönnun fyrir tjóni samkvæmt þessari grein.

4.3 Félagið bætir skemmdir, sem verða á vinnuvélinni af völdum stórvíðris, enda hafi vindhraði, þá er tjón varð, náð yfir 30 m/sek. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands. Tjón af völdum þess að sandur, mól, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á vinnuvélina bætist þó ekki.

4.4 Félagið bætir skemmdir er verða á vinnuvélinni við flutning á henni með öðru flutningstæki á landi.

4.5 Félagið bætir brot á rúðum vinnuvélarinnar enda þótt skilyrði gr. 4.1, 4.2 og 4.3 séu ekki fyrir hendi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Ekki greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu.

4.6 Félagið greiðir kostnað við flutning vinnuvélarinnar til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði vinnuvélin óökufær af völdum áreksturs, áaksturs, útafaksturs eða veltu.

5. gr. Undanþágur frá bótaskyldu vegna réttindaleysi, gáleysis, galla o.fl.

Félagið greiðir ekki bætur þegar:

5.1 tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi váttryggðs;

5.2 váttryggður hefur ekki öðlast réttindi til að stjórna vinnuvél þeirri er um ræðir eða misst réttindi til að aka henni;

5.3 váttryggður eða starfsmaður hans vegna undanfarandi neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja telst ekki geta stjórnað vinnuvélinni örugglega eða vera óhæfur til þess, sbr. ákvæði umferðarlaga;

5.4 skemmdir verða af efnisgalla, hönnunargalla, smíðagalla eða viðgerðargalla en þó bætast skemmdir sem hljótast af þessum orsökum á öðrum hlutum vinnuvélarinnar ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða;

5.5 skemmdir verða af sliti eða ófullnægjandi viðhaldi, fúa, tæringu, málmþreytu eða sambærilegum orsökum;

5.6 tjón eða skemmdir sem eru á ábyrgð framleiðenda eða seljanda samkvæmt lögum eða samningum;

5.7 vinnuvél gegnblotnar að hluta til eða algerlega vegna sjávarfalla, sbr. þó gr. 3.2;

5.8 tjónið verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða; sama gildir um hvers kyns skemmdir af kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna; svo og skemmdir sökum annarra náttúrhamfara en þeirra sem getur í gr. 3.3 svo sem eldgoss, jarðskjálfta, vatnsflóðs eða sandfoks.

6. gr. Einstakir hlutar vinnuvélarinnar

Félagið bætir ekki:

6.1 skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, reimar, skriðbelti, keðjur, lyftu- eða færribönd, fjaðrir, rafgeymi, gler (annað en rúður), sbr. gr. 4.5, viðtæki og önnur hljómtæki svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta vinnuvélarinnar og skemmdir, sem af því stafa;

6.2 skemmdir á rafbúnaði vinnuvélarinnar er hljótast af skammhlaupi, sem ekki veldur eldsvoða;

6.3 skemmdir á strokkum, kæli eða öðrum hlutum vinnuvélarinnar er stafa af því að kælivatnið frýs eða af öðrum áhrifum veðráttu;

6.4 skemmdir á málningu eða rispur á húsi og hlífum vinnuvélarinnar.

7. gr. Notkun erlendis

Váttryggingin nær ekki til notkunar utan Íslands, nema sérstaklega sé um það samið. Sama gildir meðan vinnuvélin er flutt milli landa.

8. gr. Tilkynning um tjón – Ráðstafanir vegna tjóns

Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna félaginu það skriflega. Er tjón hefur orðið, eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað. Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.

9. gr. Framsal réttar – Endurkröfuréttur

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

10. gr. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð hvernar vinnuvélar er tilgreind á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Félagið krefst þess að vátryggingarfjárhæð vinnuvélar sé jöfn nývirði sambærilegrar vélar (þ.e. jöfn kostnaðinum af endurnýjun vátryggðrar vélar og tækja með nýjum búnaði sömu tegundar og með sömu afköstum, ásamt öllum gjöldum og uppsetningarkostnaði). Fjárhæð bóta vegna skemmda á vinnuvél sem verða á einu vátryggingartímabili fer ekki fram úr tilgreindri vátryggingarfjárhæð. Bætur vegna altjóns á vinnuvélinni geta aldrei farið fram úr vátryggingarfjárhæð nema vegna vaxta af tjónskrófu sbr. gr. 22.2. Vátryggingartaki á þó rétt á að halda óbreyttri vátryggingavernd eftir tjón gegn því að greiða viðbótariðgjald.

11. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

11.1 vinnuvélin verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við hana;

11.2 vinnuvélinni er stolið og það hefur ekki fundist innan 4 vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.

12. gr. Bætur fyrir algert tjón

Verði algert tjón ber félaginu að greiða raunvirði vinnuvélarinnar. Raunvirði telst vera sú fjárhæð er þurft hefði til kaupa á hinu vátryggða á því verðlagi er síðast var á sambærilegu tæki (gegn staðgreiðslu).

13. gr. Viðgerðarkostnaður

Skemmist vinnuvélin án þess að skilyrði 12. gr séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera tækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaða viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann. Lækkun á markaðsverði vinnuvélarinnar, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

14. gr. Endurnýjun einstakra hluta

Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta vinnuvélarinnar má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

15. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og getið er á gildandi vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

16. gr. Skyldur vátryggðs við tjónsatburð

16.1 Þegar það atvik, sem vátryggt er gegn, hefur gerst, eða hætta er á því að það gerist, ber vátryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi vátryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlæt看leg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

16.2 Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.

16.3 Vátryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt vátryggingarsamningnum.

17. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka

17.1 Við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings ber vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um vátryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber vátryggingartaka, og eftir atvikum vátryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.

17.2 Skýri vátryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

17.3 Félaginu er heimilt að skoða hið vátryggða þegar félagið óskar.

18. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

18.1 Vátryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

18.2 Iðgjald þessarar vátryggingar fer eftir notkun vátryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við vátryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu vátryggða á vátryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber vátryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt vátryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

18.3 **Varúðarregla: Sé vinnuvélin með lokuðu læsanlegu húsi skal henni tryggilega læst þegar farið er frá henni og rúdom eða sóllúgu lokað. Lyklar að vinnuvélinni skulu geymdir á byggingum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.**

- 18.4 Varúðarregla: Vátryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að gera stjórnað vinnuvélinni örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.**
- 18.5 Varúðarregla: Vátryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna vinnuvélinni örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.**
- 18.6 Varrúðarregla: Vátryggður og sá sem hefur vinnuvélina undir höndum skal sjá til þess það sé í lögmæltu ástandi og að notkun eða meðferð vinnuvélarinnar sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi.**
- 19. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds - uppsagnarréttur**
- 19.1 Vátrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt vátryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar vátryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.
- 19.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Vátryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátrygging var í gildi.
- 19.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 19.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 19.5 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast vátryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé vátryggingunni ekki sagt upp af hálfu vátryggingartaka innan mánaðar frá því félagið sendi endurnýjunarkvittun. Vátryggingataka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Vátryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp vátryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings vátryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. gr. og 75 gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða vátryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma. Þegar vátryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun vátryggingarinnar.
- 19.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp vátryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.
- 20. gr. Uppsagnarréttur félagsins**
- Félagið getur sagt upp þessum vátryggingarsamning vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:
- 20.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um vátryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp vátryggingunni sem og öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.
- 20.2 Með viku fyrirvara ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- 20.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun vátryggðs hlutar, starfsemi vátryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á vátryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt vátrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf vátryggingartímabilsins.
- 20.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
- 20.3.1 þegar tjónþungi vátryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;
- 20.3.2 ef vátryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
- 20.3.3 ef vátryggður brýtur gegn varúðareglum;
- 20.3.4 ef alvarlegur trúnaðarrestur hefur orðið milli vátryggðs og félagsins.
- 21. gr. Endurgreiðsla iðgjalds - eigandaskipti**
- 21.1 Nýti vátryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, til þess að slíta vátryggingarsamningunum á vátryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald vátryggingarinnar hlutfallslega. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Greiði félagið bætur fyrir algert tjón vinnuvélarinnar lýkur vátryggingunni formlega þegar gengið er frá tjónsuppgjöri. Vátryggingartaki á ekki rétt á endurgreiðslu iðgjalds þegar svo stendur á.
- 21.2 Verði eigandaskipti að hinu vátryggða fellur vátrygging þessi niður. Vátryggingin gildir þó í 14 daga fyrir hinn nýja eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra vátryggingu.
- 22. gr. Réttur þriðja manns – Samsömum**
- 22.1 Vátrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á vátryggingarskírteini. Meðvátryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en vátryggður.
- 22.2 Sé vátrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna vátryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 23. gr. Vísitala- vextir af tjónskrófum**

- 23.1 Iðgjald, váttryggingarfjárhæð og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.
- 23.2 Váttryggður á rétt á almennum vöxtum af tjónskröfu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um váttryggingaratburð var sendur félaginu. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 24. gr. Heimili - Varnarþing – Ágreiningur**
Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.
Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 01.07.2016